

Nd.

414. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna bygginga síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd verði aukin úr 27 millj. í 38. millj. króna. Eins og frá er skýrt í greinargerð, er frumvarpið flutt eftir ósk fyrrverandi atvinnumálaráðherra. En sami ráðherra hefur tvisvar áður fengið samþykktar á Alþingi lántökuheimildir vegna þessara verksmiðjubygginga. Í fyrra sinnið á þinginu 1944. Var þá samþykkt frumvarp, er ráðherrann flutti um heimild til 20 millj. kr. lántöku vegna bygginganna, í stað 10 millj., sem heimilaðar voru í lögnum upphaflega. Í annað sinn var flutt frv. á þinginu um hækkun á lántökuheimildinni, eftir beiðni ráðherrans, í s. l. aprílmánuði. Það frv. var einnig samþykkt og lántökuheimildin þar með aukin um 7 millj. króna, úr 20 í 27 milljónir. Í greinargerð, sem fylgdi því frumvarpi frá ráðherranum, voru þinginu m. a. veittar þessar upplýsingar (sbr. Alpt. 1945, A. 997):

„Framkvæmdir eru nú það vel á veg komnar, að nokkurn veginn má sjá, hver byggingarkostnaðurinn verður. Má ætla, að til þess að unnt verði að ljúka byggingarframkvæmdum bæði í Höfðakaupstað og Siglufirði þurfi að hækka lántökuheimild ríkisstjórnarinnar úr 20 milljónum króna, eins og hún er í núgildandi lögum, upp í 27 milljónir króna.“

Nú er komið á daginn, að þessar upplýsingar, sem atvinnumálaráðherra gaf Alþingi í s. l. aprílmánuði, hafa verið mjög fjarri því að vera réttar. Samkvæmt bráðabirgðareikningsyfirliti, sem fylgir því frv., er hér liggur fyrir, hefur kostnaðurinn ekki verið nálægt 27 millj., heldur um 38 milljónir króna, og er þó mjög vafasamt, að hér séu öll kurl komin til grafar.

Í stað þess að fela stjórn síldarverksmiðja ríkisins yfirstjórn verksmiðjubygginganna, skipaði fyrrv. atvinnumálaráðherra sérstaka nefnd manna til þess að

stýra þessum framkvæmdum, og fékk fjárhagsnefnd byggingarnefndina á sinn fund 30. f. m. til viðtals um framkvæmdirnar.

Samkvæmt reikningsyfirlitinu hefur kostnaðurinn við byggingarnefndina, sem þar nefnist „skrifstofu- og nefndarkostnaður, laun umsjónarmanna, ferðakostnaður, teikningar o. fl.“, orðið samtals ca. 450 þúsundir króna. Nefndin kvaðst hafa haft einn eftirlitsmann á hvorum stað, Siglufirði og Skagaströnd, þar að auki einn byggingarmeistara til að líta eftir framkvæmdum Almenna byggingarfélagssins og mann á Skagaströnd um tíma til að líta eftir vélum. Þá kvaðst nefndin enn fremur hafa 1 mann í skrifstofu í Reykjavík.

Eins og fram kemur í grg. frv., hefur byggingarnefndin fengið tvö fyrirtæki í Reykjavík, Almenna byggingarfélagið h/f og Vélsmiðjuna Héðinn h/f, til þess að taka að sér framkvæmdirnar að miklu leyti. Munu þeir umsjónarmenn byggingarnefndar, sem áður er getið, hafa haft eftirlit með verkum þessara verktaka, en Almenna byggingarfélagið hafði líka sína eftirlitsmenn og skrifstofuhald. Samkvæmt reikningsyfirlitinu hefur Almenna byggingarfélagið fengið 800 þúsundir króna í „umsjónarlaun“, og er þar innifalið skrifstofukostnaður á báðum stöðunum, Siglufirði og Skagaströnd, og laun eins yfirverkstjóra á hvorum stað. En auk þessara umsjónarlauna mun félagið hafa haft ágóða af efnissölu til framkvæmdanna, en ekki sést af yfirlitinu, hvað sá hagnaður er mikill. Þá hefur þetta félag, að sögn byggingarnefndar, sent henni reikning yfir teikningar, að upphæð yfir 100 þús. kr., sem það vill fá greiddar auk áðurnefndrar fjárhæðar.

Hinn aðalverktakinn, Vélsmiðjan Héðinn h/f, hefur haft viðskipti við verksmiðjurnar, sem nema samkvæmt reikningsyfirlitinu 13—14 milljónum króna.

Af bráðabirgðayfirlitinu verður ekki séð með vissu, hvað vinnulaun við verksmiðjubyggingarnar nema miklu, vegna þess að sundurliðun vantar á einstökum kostnaðarliðum. Fjárhagsnefnd hefur óskað upplýsinga frá byggingarnefndinni um það, hvað mikið af vinnulaununum sé greitt fyrir eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu. Þessar upplýsingar hafa enn ekki horizt fjárhagsnefndinni, en vitað er, að mjög mikið var unnið við verksmiðjubyggingarnar utan dagvinnutíma, og hefur það áreiðanlega hækkað byggingarkostnaðinn mjög verulega. Verður ekki séð, að sú tilhögun við framkvæmdirnar sé réttlæt看leg, þegar þess er gætt, að þessar nýju verksmiðjur komu þrátt fyrir það ekki að notum á sildarvertíðinni 1946. Verksmiðjurnar tóku aðeins nokkur þúsund mál af síld til vinnslu, til þess að unnt væri að reyna vélarnar, og hafði sú sildarmóttaka svo að segja enga þýðingu fyrir veiðiflotann.

Eins og áður segir, vantar mikið á, að enn liggi fyrir fullkomnar upplýsingar um þessar verksmiðjubyggingar og kostnaðinn við þær, og gæti verið full ástæða til fyrir Alþingi að taka málið allt til sérstakrar rannsóknar. En það er þegar ljóst, samkvæmt því, sem að framan segir, að fyrrverandi atvinnumálaráðherra hefur gefið Alþingi mjög villandi upplýsingar um kostnað við verksmiðjubyggingarnar í s. l. aprílmánuði og að framkvæmdum hefur verið hagað þannig, að mikið fé hefur þar eyðzt að óþörfu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur ekki talið ástæðu til að gefa út nefndarálit um þetta frv., en undirritaður taldi rétt að láta framanritaðar athugasemdir koma fram í nál. Úr því sem komið er, mun ekki verða hjá því komizt að auka enn við lántökuheimild ríkisstjórnarinnar vegna þessara verksmiðjubygginga. En sú óþarfa eyðsla, sem þar hefur átt sér stað, ætti að verða víti til varnaðar í framtíðinni. Væntanlega verður innan skamms hægt að koma upp þeim sildarverksmiðjum, sem eftir er að byggja samkvæmt lögnum frá 1942, og er mikils um vert fyrir sjávarútveginn, að meiri hagsýni verði beitt við þær framkvæmdir en nýju verksmiðjubyggingarnar á Siglufirði og Skagaströnd.

Alþingi, 15. febr. 1947.

Skúli Guðmundsson,